

30. Frumvarp

til laga um breyting á löggjöfnni um skrásetning skipa.

1. gr.

Síðasti liður í 2. gr. laga nr. 31, 13. desember 1895, um skrásetning skipa orðist svo:

Ekkert íslenskt skip má hjer eftir hafa neinn annan fána fyrir þjóðfána en hinn íslenska fána.

Í stað orðanna »dansk flagg« annarsstaðar í lögunum komi »íslenskan fána«.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann setur ákvæði þau, sem nauðsynleg eru, til að skift verði um þjóðernis- og skrásetningarskirteini þau, er hingað til hafa verið í gildi, með nýjum skirteinum, sem bera með sjer íslenskt þjóðerni skipsins.

3. gr.

Lög nr. 50, 30. nóvember 1914, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918; atvinnu- og samgöngumálaráðherrann getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Hinn 30. nóv. 1918 gaf Hans Hátign konungurinn út eftir tillögum stjórnarráðsins eftirfarandi bráðabirgðalög, og er í forsendum laganna getið ástæðna þeirra, sem þau byggjast á. Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi samkv. 6. gr. stjórnskipunarлага 19. júní 1915.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

breyting á löggjöfnni um skrásetning skipa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gerum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands um nauðsyn á því að gera breytingu á löggjöfnni um skrásetning skipa, til þess að hún sje í samræmi við hin dansk-íslensku sambandslög, verðum Vjer að telja brýna nauðsyn á því að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 6. gr. stjórnarskrárinnar, um breyting á löggjöfnni um skrásetning skipa.

Því þjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Síðasti liður í 2. gr. laga nr. 31, 13. desember 1895, um skrásetning skipa, orðist svo:

Ekkert íslenskt skip má þjer eftir hafa neinn annan fána fyrir þjóðfána en hinn íslenska fána.

Í stað orðanna »danskt flagg« annarstaðar í lögnum komi »íslenskan fána«.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann setur ákvæði þau, sem nauðsynsynleg eru, til að skift verði um þjóðernis- og skrásetningarskirteini þau, er hingað til hafa verið í gildi, með nýjum skirteinum, sem bera með sjer íslenskt þjóðerni skipsins.

3. gr.

Lög nr. 50, 30. nóvember 1914, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918; atvinnu- og samgöngumálaráðherrann getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 30. nóv. 1918.
Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.